



Landsmenn neysluglaðir, innanlands sem erlendis

Mikill vöxtur mældist í kortaveltu Íslendinga í október bæði innanlands og erlendis. Ferðalög eru orðin algengari og þeir sem fara út eyða meiru en áður. Innanlands mælist mikill vöxtur í kaupum á þjónustu og er mikið undir fyrir menningarstarfsemi nú þegar jólaskemmtanir eru rétt handan við hornið.

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í október.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 24% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 78,8 mö.kr. og jókst um tæp 14% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 18 mö.kr. og jókst um 106% milli ára miðað við fast gengi.

Eyðum jafn miklu erlendis og fyrir faraldur


Sé miðað við októbermánuð 2019, áður en faraldurinn skall á, mælist aukning í kortaveltu upp á 10% að raunvirði. Innanlands mælist aukningin 13% og erlendis mælist samdráttur upp á eingöngu 2%. Við erum því nánast farin að eyða jafn miklu erlendis og sást fyrir faraldur. Á sama tíma heldur neysla innanlands áfram að aukast, og tekur breytingum í átt að auknum kaupum á þjónustu.

Meiri neysla innanlands en áður var talið

Með uppfærslunni voru áður birt gögn leiðrétt og í ljós kemur að kortavelta innanlands í september var mun meiri en áður var talið. Við höfðum greint frá því að samdráttur hefði mælst í neyslu Íslendinga innanlands upp á 4% milli ára en í ljós kemur að í raun var vöxtur upp á 7%.


Samhliða kraftmiklum vexti innanlands er talsverður vöxtur í neyslu Íslendinga erlendis þar sem ferðalög eru orðin algengari. Brottfarir Íslendinga um Leifsstöð voru tæplega 40 þúsund talsins í október, sem er um 70% af því sem þær voru í október 2019. Kortavelta Íslendinga erlendis var hins vegar áþekkt því sem sást í október 2019

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



miðað við fast gengi sem bendir til þess að fólk geri nú talsvert betur við sig en áður í utanlandsferðum.

Vöxturinn færist úr verslunum yfir í þjónustu

Við sjáum breytingar eiga sér stað í innlendri neyslu þar sem kaup á þjónustu vega nú hlutfallslega meira í aukningunni, enda ýmis þjónusta sem var ófánleg þegar faraldurinn stóð sem hæst orðin aðgengileg að nýju. Í október mældust kaup Íslendinga á skipulögðum ferðum ferðaskrifstofa tífalt meiri en á sama tíma í fyrra og kaup á þjónustu menningar-, afþreyingar- og tómsundastarfsemi 147% meiri.

Á sama tíma mælist samdráttur í kortaveltu Íslendinga í mörgum verslunum. Mestur er samdrátturinn í áfengisverslunum þar sem kortavelta dróst saman um 20% að raunvirði milli ára. Í byggingarvöru-, raf- og heimilistækjaverslunum mælist einnig samdráttur en aukningin var mjög mikil í þeim verslunum þegar faraldurinn skall á og mælist kortaveltan enn sterk þó hún dragist nú saman milli ára.


Veltumestu mánuðir undir í menningarstarfsemi

Þrátt fyrir þær takmarkanir sem hafa ríkt á árinu mælist velta í menningarstarfsemi samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum um þriðjungi meiri í ár en í fyrra.² Veltan mælist nú svipuð og var á sama tíma árið 2018 miðað við fast verðlag.

Veltumestu mánuðir ársins eru þó eftir í greininni með jólatónleikum, jólahlaðborðum og öðrum skemmtunum. Ef marka má nýjustu gögn um kortaveltu má gera ráð fyrir að margfalt fleiri hafi keypt miða á jólatónleika í ár en í fyrra og gangi áform eftir er líklegt að vöxtur sjáist í greininni síðar á árinu.

Reynslan hefur þó sýnt okkur að aðstæður geta breyst hratt á tímum heimsfaraldurs og er því mikil óvissa um framgang mála. Eitt er þó víst, að Íslendingar virðast tilbúnir að verja tíma og peningum í ýmsar skemmtanir og ferðalög eftir langt hlé.


Kortavelta Íslendinga eftir útgjaldaliðum í október



Greiðslukortavelta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Velta í menningarstarfsemi skv. VSK-skýrslum

Ma.kr. á föstu verðlagi júlí- og ágúst mánaða 2021



ÍSÁT2008 flokkar nr. 90-93. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

² Uppsafnað fyrstu 8 mánuði árs.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.